



Velferðarþjónusta sveitarfélaga stoðir, stefna og starf

Málstofa RBF 6. mars 2014

Unnur V. Ingólfssdóttir

félagsráðgjafi MA, framkvæmdastjór fjölskyldusviðs
Mosfellsbæjar, aðjunkt við félagsráðgjafadeild HÍ



MOSFELLSBÆR



Stoðir velferðarþjónustu

- Formlegar
 - Stjórnarskrá, lög og reglur
 - Alþjóðasamningar, áætlanir og félagsvísar
 - Rannsóknir
- Óformlegar
 - Menning og saga
 - Samvinna og sjálfböðastarf
 - Siðfræði

Formlegar stoðir

Lög og reglur



MOSFELLSBÆR



Háleit markmið

- **Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944**

- **76. gr.** [Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika. Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi. Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.]¹⁾

¹⁾L. 97/1995, 14. gr.

- **Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991**

- **1. gr.** Markmið félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpár. Skal það gert með því að:
 - a. bæta líf skjör þeirra sem standa höllum fæti,
 - b. tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði barna og ungmenna,
 - c. veita aðstoð til þess að íbúar geti búið sem lengst í heimahúsum, stundað atvinnu og lifað sem eðlilegustu lífi,
 - d. grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir félagsleg vandamál.



Markmið laga frh.

- **Lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992**

- **1. gr.** [Markmið þessara laga er að tryggja fötluðu fólki jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa því skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi. Við framkvæmd laga þessara skal tekið mið af þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, einkum samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þá skulu stjórnvöld tryggja heildarsamtökum fatlaðs fólks og aðildarfélögum þeirra áhrif á stefnumörkun og ákvarðanir er varða málefni fatlaðs fólks.]¹⁾

- **Lög um málefni aldraðra nr. 125/1999**

- **1. gr.** Markmið þessara laga er að aldraðir eigi vól á þeirri heilbrigðis- og félagslegu þjónustu sem þeir þurfa á að halda og að hún sé veitt á því þjónustustigi sem er eðlilegast miðað við þörf og ástand hins aldraða. Einnig er markmið laganna að aldraðir geti, eins lengi og unnt er, búið við eðlilegt heimilislíf en að jafnframt sé tryggð nauðsynleg stofnanþjónusta þegar hennar er þörf. Við framkvæmd laganna skal þess gætt að aldraðir njóti jafnréttis á við aðra þjóðfélagsþegna og að sjálfsákvörðunarréttur þeirra sé virtur.



Markmið laga frh.

- **Barnaverndarlög nr. 80/2002**

—

2. gr. Markmið og lögsaga.

Markmið laga þessara er að **tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð.** Leitast skal við að ná markmiðum laganna með því að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við.

Lögin taka til allra barna sem eru á yfirráðasvæði íslenska ríkisins.

Formlegar stoðir

Alþjóðasamningar, áætlanir og
félagsvísar



MOSFELLSBÆR



Alþjóðasamningar og áætlanir

- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna
 - Fullgiltur 1992 og lögfestur 20. febrúar 2013
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks
 - undirritaður 30.mars 2007
 - Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks til 2014



Velferðarvaktin

- Félagsvísar
 - Tilgangur, að birta á einum stað safn tölulegra upplýsinga sem auðveldar stjórnvöldum og almenningi að fylgjast með þróun og breytingum í samfélaginu
 - Greining á velferð, efnahags- og félagslegum þáttum og heilsufari íbúa í ljósi þjóðfélagsaðstæðna og fyrirkomulagi þjónustu.
 - Samanburðarhæfar upplýsingar, milli ólíkra tímabila og síðar milli sveitarfélaga

Formlegar stoðir

Rannsóknir



MOSFELLSBÆR



Rannsóknir

- Fræðileg þekking sem byggir á rannsóknum og nýtt er til:
 - Stefnumótunar
 - Fagþróunar
 - Fræðslu
 - Valdeflingar

Stefna



MOSFELLSBÆR

Velferðarstefna?

- Félagspjónusta
 - Lög um félagspjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991
 - Lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992
 - Lög um húsnæðismál nr. 44/1998
 - Barnaverndarlög nr. 80/2002
- Heilbrigðisþjónusta
 - Lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007
 - Lög um málefni aldraðra nr. 125/1990



Stefna í málefnum aldraðra (28.júní 2008)

- Viðeigandi stuðning og einstaklingsmiðaða þjónusta-búseta heima sem lengst
- Greiður aðgangur að upplýsingum um réttindi og þjónustu
- Almannatryggingakerfið einfaldað og réttindi betur skilgreind
- Réttur aldraðra til sjálfstæðrar búsetu og sjálfsforræðis virtur
- fjölbreytt val búsetuforma.
- Dagvistar-, hvíldar- og skammtímarýmum fjölgað
- Gæðaviðmið um þjónustu sett.
- Eftirlit með þjónustu aukið og bætt.
- Nýjar áherslur verði teknar upp við uppbyggingu hjúkrunarheimila og endurbætur á eldra húsnæði.
- Greiðsluþátttöku, fjárhagslegt sjálfstæði tryggt og vasapeningar lagðir af
- Hjúkrunarrýmum verði fjölgað til að mæta þörf.
- Fjölbýlum á hjúkrunarheimilum verði útrýmt að mestu leyti.
- Öldrunarþjónustan hafi ávallt á að skipa hæfu og metnaðarfullu starfsfólki
- Ábyrgð á þjónustu verði færð til sveitarfélaga eigi síðar en á árinu 2012.



Velferðarstefna- heilbrigðisáætlun 2013-2020?

Þingsályktunartillaga 141 l.p. 470 mál (náði ekki fram að ganga, lok í mars 2013)

- Jöfnuður í heilsu og lífsgæðum
 - Aðgengi að þjónustu
 - Félagsleg staða
 - Atvinnuþátttaka og starfsendurhæfing
 - Lífsgæði fólks með heilsuþrest
- Forvarnir og lífsstíltengdir áhrifaþættir
 - Hreyfing
 - Mataræð
 - Holdarfar
 - Áfengis-
 - Vímuefna- og tóbaksvarnir
 - Slysa- og ofbeldisvarnir
 - Geðvernd
 - Sóttvarnir
 - Kynheilbrigði
 - Tannvernd
 - Vinnutengd heilsa



Velferðarstefna- heilbrigðisáætlun 2013-2020 frh.

- Örugg og heildstæð velferðarþjónusta
 - Samþætting og samfella í þjónustu
 - Heilsugæsla
 - Sérhæfð heilbrigðisþjónusta utan heilbrigðisstofnana
 - Almenn og sérhæfð sjúkrahúsþjónusta
 - Gæði, öryggi og eftirlit
 - Manafli og búnaður í heilbrigðisþjónustu
 - Rafræn skráning, miðlun og nýting heilbrigðisupplýsinga
 - Rannsóknir og þróun



Hvert stefna stjórnvöld



Á dagskrá í dag

Fjölskyldustefna til ársins 2020



MOSFELLSBÆR

- Mótun
 - Tillit tekið til mismunandi fjölskyldugerða.
 - Stefna að því að tryggja félagslegan jöfnuð
 - Allar fjölskyldur njóti sama réttar og sé ekki mismunað á grundvelli kynþáttar, fötlunar, trúarbragða eða kynhneigðar.
 - Leitað verði leiða til að tryggja efnahagslegt öryggi fjölskyldunnar og öryggi í húsnæðismálum.
 - Unnið að því að tryggja jafnvægi á milli fjölskyldu- og atvinnulífs og að jafna ábyrgð foreldra á heimilishaldi og uppeldi barna.
 - Áhersla lögð á að tryggja
 - vernd gegn ofbeldi í nánnum samböndum
 - vernd og stuðning vegna ofneyslu áfengis og annarra fíkniefna.

Áherslur sveitarfélagasambands Íslenskra sveitarfélaga



MOSFELLSBÆR

- Þróun fjárhagsaðstoðar-viðbrögð
- Úrbætur á lagaumhverfi félagsþjónustu sveitarfélaga.
- Óljós ábyrgðarskil milli ríkis og sveitarfélaga í velferðarþjónustu sem nær til 24 notendahópum sem eru á svokölluðum gráum svæðum.
- Staða í málaflokki fatlaðs fólks og helstu áskoranir framundan.

Óformlegar stoðir

Menning og saga

Samvinna og sjálfbodastarf

Siðfræði



MOSFELLSBÆR



Menning og saga

- Rætur sem liggja í fyrirkomulagi fátækrarhjálpur fyrri tíma sem litað hefur viðhorf til félagsþjónustu sveitarfélaga.
 - Svipting mannréttinda og sálfsforræðis „...hefur að öllum líkindum haft áhrif á það hversu hægt og erfiðlega hefur gengið að skilgreina réttindi fólks til félagsþjónustu öfugt við heilbrigðisþjónustuna“ (Lára Björnsdóttir, 2006).



Samvinna og sjálfböðastarf

- Samvinna þar sem heildarsýn og áhersla á samvinnu þvert á landamæri málaflokka er leiðandi
- Sjálfböðastarf á sviði velferðarþjónustu

Starf, skipulag og framkvæmd



MOSFELLSBÆR



Ný verkefni – nýjar aðferðir?

- Ný verkefni
 - Þjónusta við fatlað fólk
- Breytt landslag
 - Atvinnuleysi (32%, yngri en 30 ára)
 - Fjárhagserfiðleikar-flókin fjármál
 - Óöryggi á húsnæðismarkaði
 - Félagsleg ráðgjöf
 - Örvænting
 - Rótleysi
 - Brostnar vonir
 - Togstreita og samskiptaerfiðleikar í fjölskyldum



Félagsráðgjöf

- Siðfræðigrundvöllur
 - Virðing
 - Hjálp sem tekur mið af stöðu og þörfum einstaklingsins
 - Hjálp til sjálfshjálpar

- Krafa um
 - Þekkingu á aðstæðum og möguleikum einstaklingsins
 - Þekkingu á lögum og viðeigandi úrræðum
 - Gæðastjórnun og innra eftirlit
 - Færni til að höndla mótsetningar
 - Væntingar einstaklings
 - Markmið laga
 - Ráðvendni við ráðstöfun opinberra fjármuna
 - Færni til að beita formlegum vinnubrögðum

Starfsumhverfi

Athafnafrelsi-Takmarkanir



MOSFELLSBÆR

- Flóknar aðstæður
 - Réttarreglur, efnahagslegur rammi og hefðir hafa áhrif
 - Togstreita milli valds og samúðar, samvisku og löghlýðni
 - Samskipti ekki einungis bundin við einstaking og félagsráðgjafa
- Viðfangsefni aðstæður einstaklings *í dag* – túlkun laga sem byggja að miklu leyti á *fortíð*



Starfsumhverfi

Vald - Siðferði

- Siðferðislegur grunnur þar sem vald, umhyggja og eftirlit eru samtvinnuð
- Hátt hlutfall stjórnvaldsákvarðana
 - Krafa um
 - Formfestu að lögum, reglum og öðrum tilmælum sé framfylgt
 - Vönduð vinnubrögð og áreiðanleika
 - Skjót viðbrögð
 - Sanngirni og heiðarleika
 - Trúnað
- Viðfangsefni
 - Grunnþarfir – Viðkvæmar persónuupplýsingar

Starfsum hverfi

Vald – Siðferði frh.



MOSFELLSBÆR

- Siðferðisgrunnur félagsráðgjafar
 - Virðing
 - Hjálp sem tekur mið af aðstæðum og þörfum einstaklings
- Félagráðgjafinn skipar sér gjarnan í stöðu verjanda sem getur skapað togstreitu:
 - Félagráðgjafi og einstaklingur annars vegar
 - Lögfræðileg, pólitísk og efnahagsleg sjónarmiða hins vegar



Þróun og áherslur í starfi

- Valdefling
- Tengslavinna
- Hvatning
- Sannreynanleg vinnubrögð



Áherslur í starfi-er formið hindrun?

- Deilt hefur verið á félagsráðgjafa fyrir að vera of upptekna af framkvæmd í stað þess að einbeita sér að greiningu máls, eðli vanda og samhengis hlutanna
- Helgast starfsaðstæðum þeirra og tengist að hluta til kröfunni um að þeir stuðli að breytingum (Levin, 2004).
- Ábyrgð, áhrif og skyldur félagsráðgjafa á tímum aukins álags gera kröfur til þeirra um að eiga frumkvæði, stuðla að nýsköpun í starfsháttum og auknu samstarfi þeirra sem að málum koma.



Framlínuskrifstofveldi

- Samkvæmt kenningum Lipsky hafa starfsmenn sem tilheyra framlínuskrifstofuveldi, s.s. félagsráðgjafar sem starfa í félagsþjónustu sveitarfélaga, ríka aðlögunarhæfni. Hæfni sem gerir það að verkum að þeir komast af, þrátt fyrir mikið vinnuálag og erfiðar aðstæður. Forgangsröðun verkefna og það að þeir einbeita sér að verkefnum sem eru auðveld úrlausnar gerir það að verkum. Þetta getur því leitt til þess að framkvæmdin getur orðið önnur en ætla má af lestri lagatextans. Ferlið er sjálfstætt, nýjar áherslur verða til og framkvæmd er ekki í samræmi við pólitískt umboð starfsmanna eða lagatextann



Hverjir móta stefnuna?

Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir (2006)

- „tilskipanir að ofan“
- „...oftar en ekki „gerist“ stefna í stað þess að vera „mörkuð“ og fylgt er eftir með „tilskipunum að ofan“.
- „...ákvarðanir ráðherra eða ríkisstjórna og lagasetningar löggjafans (gera) oft og tíðum lítið annað en staðfesta það sem þegar hefur verið að þróast og taka á sig mynd í ýmsum þáttum opinberrar þjónustu“

Hver er stefnan?



MOSFELLSBÆR



Hlutverk sérfræðinga

Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir (2006)

- Meira en framkvæmd stefnu, búa yfir lykilupplýsingum vegna mótunar stefnu og möguleikum til þess að hún nái fram að ganga
- Innan stjórnsýslunnar
 - Þekking sem byggir á reynslu og staðreyndum
- Utan stjórnsýslunnar-háskólasamfélagið
 - Frumkvæði að vísindalegum rannsóknum velferðarþjónustunnar sem eru óháðar hagsmunum stjórnsýslunnar



Gildi rannsókna í velferðarþjónustu

- Lykill að
 - Mótun velferðarstefnu
 - Fagþróun
 - Þróun aðferða við úrlausn mála einstaklinga